

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015,
iðnaðar- og hafnarsvæði í Helguvík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. desember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin nær til um 240 ha svæðis við Helguvík og felst í því að hluti iðnaðarsvæðis breytist í hafnarsvæði þar sem gert er ráð fyrir nýjum viðlegukanti. Svæði fyrir þjónustustofnanir (kirkjugarður) minnkar og breytist í iðnaðarsvæði og opið svæði til sérstakra nota. Gert er ráð fyrir jarðstrengjum (245 kV) frá aðveitustöð við Fitjar meðfram Reykjanesbraut og að fyrirhuguðu iðnaðarsvæði í Sveitarfélaginu Garði og þynningarsvæði fyrir áætlaða loftmengun frá álverksmiðju í Sveitarfélaginu Garði.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. desember 2007.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.